

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kærur útaf lausablöðum, er prentuð höfðu verið í prentsmiðju Íslands. 1861.
14. ágústm.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 9. janúarm. þ. á., um kæruskjal, er þér um leið senduð aptur, þar sem examinatus juris Jón Guðmundsson kvartar yfir því, að frá prentsmiðju Íslands hafi út komið þrjú lausablöð, er eigi sé nafngreindur höfundur að, og sem hann hyggur vera meiðandi fyrir sig að efninu til, þá skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það kæranda, að stjórnarráðinu ekki þykir vera ástæða fyrir sig að skipta sér af máli þessu, heldur verður að vísa honum til dómstólanna, ef honum þykja vera rök til, að bera málið undir þá.

Um leið og þetta er birt yður, getur dómsmálastjórnin þó eigi látið hjá líða að taka það fram, að það væri ákjósanlegt að vekja athygli þeirra, er hlut eiga að máli, á því, að ekkert sé tekið til prentunar í prentsmiðjunni, sem stofnun þessari geti orðið til minnkunar.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bæjarfulltrúakosning í Reykjavík. 19. ágústm.

Í bænarskrá, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 19. marzm. þ. á., hefir Sigurður Melsteð, prestaskólakennari, sótt um að losast við að taka móti kosning til bæjarfulltrúa í Reykjavík, er hann varð fyrir.

Í þessu efni skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það þeim, er hlut á að máli, að það, sem um var sótt, eigi verður veitt.